

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2012****2012/EES/50/23****frá 30. apríl 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/769/ESB frá 13. desember 2010 um setningu viðmiðana fyrir notkun tæknilegra aðferða á gasflutningaskipum í stað notkunar skipaeldsneytis með lágt brennisteinsinnihald sem uppfyllir kröfurnar í 4. gr. b í tilskipun ráðsins 1999/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ad (tilskipun ráðsins 1999/32/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21ada. **32010 D 0769**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/769/ESB frá 13. desember 2010 um setningu viðmiðana fyrir notkun tæknilegra aðferða á gasflutningaskipum í stað notkunar skipaeldsneytis með lágt brennisteinsinnihald sem uppfyllir kröfurnar í 4. gr. b í tilskipun ráðsins 1999/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis (Stjtið. ESB L 328, 14.12.2010, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/769/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 61.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 328, 14.12.2010, bls. 15.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.